

Ársfundur Stapa lífeyrissjóðs 29. apríl 2015

- Fundargerð -

Ársfundur Stapa var haldinn í Menningarhúsinu Hofi, Akureyri, miðvikudaginn 29. apríl 2015 og hófst hann stundvíslega klukkan 14:00. Á fundinn mættu 90 einstaklingar, 67 fulltrúar aðildarfélaga, 7 fulltrúar atvinnurekenda með full réttindi á fundinum og 16 almennir sjóðfélagar. Ágúst Torfi Hauksson, formaður stjórnar, bauð fundargesti velkomna og setti fundinn. Formaður gerði tillögu um Hjördísi Þóru Sigurþórsdóttur sem fundarstjóra og Guðmundi Baldvin Guðmundssyni sem fundarritara og var sú tillaga samþykkt.

Fundarstjóri fór yfir boðun fundarins en í grein 3.9 í samþykktum sjóðsins er kveðið á um að boða skuli fundinn með skriflegu fundarboði til aðildarfélaga sjóðsins, með minnst fjögurra vikna fyrirvara. Þá skal stjórnin auk þess auglýsa fundinn í dagblaði, útvarpi eða á annan sannanlegan hátt með a.m.k. 7 daga fyrirvara. Fundurinn var boðaður með bréfi til aðildarfélaga og 50 stærstu launagreiðenda með bréfi dags. 25. mars sl. Fundurinn var auglýstur í Ríkisútvarpinu þann 22. og 28. apríl auk þess sem fundurinn var auglýstur á heimasíðu sjóðsins. Þá var fundurinn auglýstur á sjóðfélagayfirlitum (réttilega í fréttabréfi með yfirlitum) sem send voru út í apríl og í svæðisbundnum auglýsingamiðlum. Leitaði fundarstjóri eftir athugasemdum um fundarboðunina en engar athugasemdir komu fram og var fundurinn þar með úrskurðaður lögmætur.

Áður en gengið var til dagskrár bar fundarstjóri upp tillögu um að liður 5 í útsendri dagskrá þ.e. kosning stjórnar yrði færður fram fyrir 4. lið þ.e. breytingar á samþykktum. Ekki komu fram andmæli við breytinguna og kynnti fundarstjóri dagskrána sem er svohljóðandi:

1. Setning ársfundar
2. Skýrsla stjórnar, kynning og afgreiðsla ársreiknings og tryggingafræðilegt mat
3. Gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu
4. Kosning stjórnar
5. Breytingar á samþykktum
6. Kosning löggilts endurskoðanda
7. Laun stjórnar
8. Önnur mál

2. Skýrsla stjórnar

Stjórnarformaður, Ágúst Torfi Hauksson flutti skýrslu stjórnar um starfsemi sjóðsins árið 2014.

Í máli hans kom fram að árið 2014 hefði verið gott rekstrarár fyrir Stapa lífeyrissjóð. Lítil verðbólga einkenndi árið, sem hafði jákvæð áhrif á afkomuna. Nafnávöxtun tryggingadeildar á árinu var 7,3% og raunávöxtun 6,2%. Sjóðurinn náði því ávöxtunarmarkmiðum sínum. Meðalraunávöxtun síðustu fimm ára var 3,6% eða yfir reiknivöxtum sjóðsins.

Hann ræddi samkomulag sem sjóðurinn náði við Glitni í byrjun apríl. Benti hann á skýringu 3.2 í ársreikningum sem og áritun endurskoðenda þar sem greint er frá þeirri óvissu sem var í árslok um

uppgjör á afleiðusamningi og kröfum. Með samkomulaginu hefur þeirri óvissu verið eytt. Í samkomulaginu eru kröfur Glitnis vegna afleiðusamninga að fullu skuldajafnaðar á móti kröfum sjóðsins á hendur Glitni. Sjóðurinn er því ekki að greiða Glitni neina peninga og enga dráttarvexti. Hann sagði það skoðun stjórnar að þrátt fyrir mikla ágalla á héraðsdómi og vissu um að hann fengist aldrei staðfestur óbreyttur í Hæstarétti, þá væri fyrir hendi dráttarvaxtaráhætta sem gæti orðið veruleg tapaðist málið fyrir Hæstarétti og í ljósi þeirrar áhættu hefði stjórnin metið það svo að rétt væri að ganga frá samkomulaginu. Uppgjörið er mjög í samræmi við það mat sem gengið var út frá við gerð ársreikningsins.

Þá gerði hann að umtalsefni breytingar á réttindakerfi sjóðsins sem lagt yrði fram síðar á fundinum. Rakti hann aðdraganda málsins sem hófst í eftir hrun þegar sjóðurinn fór úr því að vera með jákvæða tryggingafræðilega stöðu í neikvæða. Lögum samkvæmt bar sjóðnum að skerða réttindi og hefur það verið gert í tvígang frá hrúni en enn stendur sjóðurinn með neikvæða tryggingafræðilega stöðu. Þetta leiddi til þess að innan stjórnar sjóðsins fór af stað umræða um hvort núverandi fyrirkomulag væri í raun heppilegt miðað við stöðuna eins og hún er og eðli sjóðsins. Ákvað stjórnin, í samvinnu við tryggingastærðfræðing sjóðsins, að kanna hvort ekki mætti breyta réttindakerfinu þannig að meira jafnvægi væri á milli eigna og skuldbindinga á hverjum tíma. Æskilegt væri að slíkt jafnvægi væri innbyggt í kerfið, en ekki þyrftu að koma til sérstakar samþykktir stjórnar eða ársfundar líkt og nú er. Hann sagði eitt af markmiðum með breytingum á réttindakerfi sjóðsins væri að gera kostnað við áfallatryggingar þ.e. örorku- maka og barnalífeyri sýnilegri og afmarka betur þann hluta iðgjaldsins sem fer til þeirra.

Hann sagði að hugmyndirnar hefðu fyrst verið kynntar á ársfundi sjóðsins 2012 og svo aftur á ársfundi 2014 þar sem samþykkt var að vinna nákvæmari tillögur sem nú væru fram komnar. Hugmyndir að kerfinu hafa verið kynntar á vettvangi Landsamtaka lífeyrissjóða og fyrir lífeyrisnefnd Alþýðusambands Íslands. Kynningarfundir hafa verið haldnir með aðildarfélögum sjóðsins og kynningarefni hefur verið til staðar á heimasíðu hans, fyrir sjóðfélaga. Tillögunum hefur verið vel tekið og samþykktu aðildarfélögin í kjölfar kynningarfundanna að tillögur að þessu nýja kerfi yrðu lagðar fyrir þennan ársfund hjá sjóðnum til afgreiðslu. Tillögurnar hafa farið í lagalega rýni og staðist þá skoðun. Einnig hafa þær verið sendar Fjármálaeftirlitinu til kynningar. Tillögurnar eiga ekki að hafa áhrif á samskipti við aðra sjóði og mun sjóðurinn áfram eiga aðild að samskiptareglum lífeyrissjóða.

Fram kom í máli hans að verði samþykkt að taka upp nýtt réttindakerfi þá sé gert ráð fyrir því að það komi til framkvæmda í byrjun árs 2016.

Að lokum þakkaði hann meðstjórnarmönnum, framkvæmdastjóra og starfsmönnum gott samstarf á árinu. Einnig lífeyrisþegum, sjóðfélögum og launagreiðendum sjóðsins.

2. Kynning og afgreiðsla ársreiknings

Kári Arnór Kárasón, framkvæmdastjóri, kynnti ársreikning Stapa lífeyrissjóðs 2014. Hann benti í upphafi máls síns ábendingu endurskoðenda í áritun þar sem rætt er um skýringu 3.2 sem fjallar m.a um mat og framsetningu skulda tengdum afleiðusamningum og þeirrar óvissu sem ríkti við gerð ársreiknings. Nú væri þeirri óvissu létt eins og fram hefði komið í máli stjórnarformanns. Þá gerði hann grein fyrir ársreikningi og helstu tölum hans.

- Iðgjöld ársins 2014 voru 7.162 milljónir króna.
- Lífeyrir var 4.395 milljónir króna.
- Fjárfestingartekjur 10.783 milljónir króna.
- Fjárfestingargjöld 92 milljónir króna.
- Rekstrarkostnaður 194 milljónir króna.
- Hrein eign til greiðslu lífeyris var í árslok 2014 156.764 milljónir króna og hækkaði 9,4% milli ára.
- Fjárfestingar efnahagsreiknings skiptust eftirfarandi:
 - Húseignir og lóðir voru 61 milljón króna.
 - Verðbréf með breytilegum tekjum 64.129 milljónir króna.
 - Verðbréf með föstum tekjum 77.599 milljónir króna.
 - Veðlán 1.387 milljónir króna.
 - Bundnar bankainnistæður 2.763 milljónir króna.
 - Kröfur 705 milljónir króna.
 - Aðrar eignir námu 10.996 milljónir króna.
 - Skuldir í árslok voru 877 milljónir króna.

Framkvæmdastjóri fór yfir einstaka liði og rekstrarþætti, birti samanburð við fyrri ár auk sundurliðunar á helstu þáttum eins og kostnaði og eigasamsetningu. Einnig fór hann vel yfir og útskýrði helstu skýringar ársreiknings.

2. Tryggingafræðilegt mat

Tryggingastærðfræðingurinn Bragi Guðmundsson kynnti tryggingafræðilegt mat og fór yfir forsendur og aðferðarfræði sem liggja að baki því. Niðurstaðan var á þá leið að heildarskuldbindingar nema 3,77% meira en eignir og iðgjöld framtíðarinnar. Tryggingafræðileg staða Stapa er því innan skilgreindra marka laganna sem og stefnu sjóðsins og aðgerða því ekki þörf. Í árslok 2013 var staðan neikvæð um 4,6% og hefur því batnað milli ára.

Eftir kynningu á ársreikningi og tryggingafræðilegu mati gaf fundarstjóri orðið laust.

Fyrirspurn kom frá Agli Thorlacius fulltrúa Afls starfsgreinafélags þar sem hann spurðist fyrir um hvort líkur væru á að skerðingar fyrri ára gengu til baka. Framkvæmdastjóri svaraði og sagði að sjóðurinn hefði í samræmi við lög bæði hækkað og lækkað réttindi eftir afkomu sjóðsins og slíkar ákvarðanir væru óafturkræfar.

Þá var ársreikningur borinn upp og samþykktur samhljóða.

3. Gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu

Fjárfestingarstjórinn Arne Vagn Olsen kynnti fjárfestingarstefnu og ávöxtun sjóðsins. Gerði hann grein fyrir fjárfestingarmarkmiðum sem og fjárfestingarheimildum ársins 2015. Þá fór hann einnig ítarlega yfir alla eignaflokka ásamt því að fjalla um ávöxtun sjóðsins 2014 og áhættu. Einnig var uppbyggingu og ávöxtun séreignarsafna Stapa lífeyrissjóðs gerð skil.

Jóna Finndís Jónsdóttir, áhættustjóri fór yfir helstu markmið og framkvæmd áhættustýringar ásamt því að gera grein fyrir helstu verkefnum áhættustjóra og áhættuþáttum sjóðsins. Benti hún sérstaklega á áhættu sem getur skapast verði nýtt réttindakerfi samþykkt og mikilvægi þess að yfirfærslan verði vel skipulögð og framkvæmdar ítarlegar prófanir og samanburður við eldra kerfi.

Að lokinni kynningu áhættustjóra gaf fundarstjóri orðið laust um fjárfestingastefnu og áhættustýringu en enginn kvaddi sér hljóðs. Þá var gert 30 mín hlé á fundi en samkvæmt samþykktum sjóðsins ber að gera hlé á meðan kosning stjórnarmanna fer fram.

Fundur hófst að kaffihlé loknu klukkan 16:00

4. Kosning stjórnar

Ágúst Torfi Hauksson gerði grein fyrir kjöri launagreiðanda en af hálfu þeirra voru kjörin:

Aðalmenn: Erla Jónsdóttir og Kristín Halldórsdóttir til 2ja ára

Varamenn: Guðrún Ingólfssdóttir, Auður Anna Ingólfssdóttir til 2ja ára og Oddur Helgi Halldórsson og Ævar Jónsson til eins árs.

Fundarstjóri gerði grein fyrir kjöri launþega en að hálfu þeirra voru kjörin til 2ja ára:

Aðalmenn: Sverrir Mar Albertsson, Afl starfsgreinafélag og Tryggvi Jóhannsson, Eining lðja

Varamenn: Kristján Eggert Guðjónsson, Afl starfsgreinafélag og Heimir Kristinsson, Byggið

5. Breytingar á samþykktum

Framkvæmdastjóri Kári Arnór Kárason fór yfir breytingar á samþykktum. Hann fór í byrjun yfir tímalínu aðdraganda samþykktarbreytinga vegna breytinga á réttindakerfi. Þá fór hann yfir breytingar á réttindakerfinu og skýrði með dæmum. Hann greindi frá því að ítarlegri kynning hefði farið fram hjá aðildarfélögum og væri tilbúinn að svara fyrirspurnum fundarmanna. Að svo búnu fór hann yfir samþykktarbreytingarnar og í máli hans kom fram að stærstu breytingarnar snéru að breytingum á réttindakerfi en að auki væri um að ræða smá breytingu á grein 2.2 er tengdist séreignardeild, ný grein 19.3 þar sem talað er um endurhæfingar-og örorkulífeyri, umorðun á grein 21. vegna barnalífeyris auk orðalagsbreytingabreytinga sem flestar snéru að því að ellilífeyri er breytt í eftirlaun í samþykktunum. Þá kemur inn nýr viðauki þar sem ákvæði úr eldri samþykktum sem sjóðfélagar geta átt réttindi samkvæmt er bætt inn í samþykktirnar.

Þá fór hann yfir breytingar á einstökum greinum samþykktanna og útskýrði nánar.

Að lokinni yfirferð framkvæmdastjóra var orðið gefið laust. Ábending kom frá Sigríði Dóru Sverissdóttur frá Afli starfsgreinafélagi þar sem hún benti á stafsetningarvillu. Þá tók Reynir Arnórsson frá Afli starfsgreinafélagi til máls og fagnaði auknum makalífeyrisréttindum og vísaði til viðauka C. Framkvæmdastjóri útskýrði að hér væri um að ræða viðauka vegna eldri réttinda svokölluð sólarlagsákvæði og ekki væri verið að auka réttindi til makalífeyris. Engar frekari fyrirspurnir né ábendingar komu frá fundarmönnum.

Bar þá fundarstjóri upp breytingarnar til samþykktar. Hún gerði að tillögu sinni að breytingarnar yrðu bornar upp í 5 liðum 1)vegna breytingar á grein 2.2 er snýr að séreign 2)vegna grein 19.3 er snýr að endurhæfingarlífeyri 3) vegna breytinga á grein 21 er snýr að barnalífeyri 4)vegna breytinga er snúa að réttindakerfi og 5)vegna orðalagsbreytinga og viðauka. Ekki komu fram andmæli við þessari tilhögun. Voru allir liðir samþykktir samhljóða að undanskildum lið 5 þar sem einn fundarmanna greiddi atkvæði á móti.

Að lokum bar fundarstjóri upp samþykktirnar í heild seinni með áorðnum breytingum, þ.m.t. tillögu um breytingar úr eldra kerfi í nýtt þar sem fram kom að nýja kerfið mun taka gildi frá og með 1. janúar 2016, sbr. lið iv) í viðauka B.

6. Kosning löggilts endurskoðanda

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu um Deloitte ehf. Akureyri, Knút Þórhallsson og Ragnar Jóhann Jónsson sem löggilta endurskoðendur sjóðsins og var sú tillaga samhljóða samþykkt.

7. Laun stjórnar

Fundarstjóri gerði einnig grein fyrir þeirri tillögu að óbreyttum stjórnarlaunum frá fyrra ári. Þar var tilgreint að stjórnarlaun væru 80.000 krónur á mánuði, varamaður fengi 40.000 krónur fyrir hvern setinn fund, formaður stjórnar 160.000 krónur og varaformaður 120.000 krónur. Þessi tillaga var samþykkt samhljóða.

8. Önnur mál

Ágúst Torfi Hauksson formaður stjórnar kvaddi sér hljóðs og þakkaði fyrir hönd stjórnar Birni Snæbjörnssyni fyrir samstarfið og mikið og gott starf í þágu sjóðsins en Björn hverfur úr stjórn eftir 16 ára setu í stjórn. Tóku fundarmenn undir þakkirnar með dynjandi lófaklappi.

Þá tók Kári Arnór framkvæmdastjóri til máls og vildi koma á framfæri þökkum til Björns fyrir gott samstarf og góða viðkyrningu. Tók hann fram að Björn hefði verið mjög traustur og samvirkusamur stjórnarmaður, sem alltaf mætti vel undirbúinn til funda og það væri missir af brotthvarfi hans úr stjórninni.

Að lokum tók Heimir Kristinsson nýkjörinn varamaður í stjórn til máls og þakkaði fundarmönnum það traust sem honum var sýnt.

Fundastjóri bar að lokum upp tillögu um að honum og fundarritara yrði veitt heimild til að ganga frá fundargerð og komu engar athugasemdir við það.

Að því búnu tók formaður stjórnar aftur til máls og þakkaði fundargestum góðan fund og sagði honum slitið klukkan 17:18.

Fundarstjóri:

Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir

Fundarritari:

Guðmundur Baldvin Guðmundsson